

AUGLÝSING

**um breytingu á gjaldskrá Bæjarveitna Vestmannaeyja fyrir raforku,
nr. 438 22. september 1989, með síðari breytingum.**

Samkvæmt 25. gr. orkulaga nr. 58 29. apríl 1967 hefur ráðuneytið staðfest eftirfarandi breytingar á gjaldskrá Bæjarveitna Vestmannaeyja fyrir raforku, sem öðlast þegar gildi:

Liðir D1 og D4 hækki um 1,5%

Iðnaðarráðuneytið, 6. mars 1990.

F. h. r.
Páll Flygenring.

Guðrún Skúladóttir.

Nr. 113

27. febrúar 1990

REGLUGERÐ

**um breytingu á reglugerð nr. 100/1973, um eyðingu svartbaks og
hrafns, með áorðnum breytingum.**

1. gr.

9. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Prátt fyrir ákvæði 1., 2., og 3. gr. reglugerðarinnar er heimilt að fela veiðistjóra og allt að 8 trúnaðarmönnum hans að nota í tilraunaskyni fenemal og tríbrómetanól til fækkunar hrafnis og öðrum skaðlegum mávategundum, þó ekki í Kjósarsýslu, Borgarfjarðarsýslu, Mýrarsýslu, Snæfellsnes- og Hnappadalssýslu, Dalasýslu, Barðastrandarsýslum, Ísafjarðarsýslum, Strandasýslu, í Mosfellsbæ, á Akranesi, í Borgarnesi, í Ólafsvík, í Stykkishólmi, á Ísafirði og í Bolungarvík. Aðgerðir þessar skulu miðaðar við að koma í veg fyrir beint tjón af völdum fugla. Veiðistjóri skal hafa samráð um þessar aðgerðir við menntamálaráðuneytið eða sérfræðing sem það tilnefni að fenginni tillögu fuglafriðunarnefndar. Veiðistjóri og trúnaðarmenn hans sækja um leyfisskríteini til hlutaðeigandi lögreglustjóra og skulu trúnaðarmennirnir láta fylgja umsókn sinni meðmæli frá veiðistjóra. Lyfin skulu þeir kaupa hjá Lyfjaverslun ríkisins. Fyrir lok janúarmánaðar ársins 1991 skulu veiðistjóri og trúnaðarmenn hans gefa ráðuneytinu skýrslu um framkvæmd fækkunarinnar og árangur.

2. gr.

Reglugerðarbreyting þessi öðlast þegar gildi og gildir til 31. janúar 1991.

Menntamálaráðuneytið, 27. febrúar 1990.

F. h. r.
Árni Gunnarsson.

Stefán Stefánsson.